



Fundargerð

Fundur í skipulags- húsnæðis- og hafnarnefnd Reykholahrepps
mánudaginn 9. apríl 2018 kl. 10.

Fundarstaður: Stjórnsýsluhúsið Maríutröð 5a, Reykholum.

Mætt: Karl Kristjánsson formaður, Egill Sigurgeirsson og Rebekka Eiríksdóttir. Einnig sat fundinn Bogi Kristinsson skipulags- og byggingafulltrúi og Ingibjörg B. Erlingsdóttir sveitarstjóri sem ritaði fundargerð.

Fundargerð er rituð á tölvu og er 2 blaðsíður.

Formaður bauð fólk velkomið og setti fundinn. Formaður spurði eftir öðrum málum á dagskrá, tvö mál bárust og var samþykkt að taka þau til afgreiðslu undir liðnum önnur mál.

Dagskrá:

Mál til afgreiðslu:

1. Fundargerð skipulags- húsnæðis- og hafnarnefndar 5. mars 2018.

Farið yfir fundargerðina og hún samþykkt samhljóða.

2. 1708019 - Breyting á aðalskiplagi Reykholahrepps 2006 - 2018 vegna vegagerðar á Vestfjarðarvegi 60, skipulagstillaga og efnistökuáætlun.

KK lagði fram eftirfarandi tillögu;

Legg til að afgreiðslu á tillögu að breytingum á aðalskiplagi Reykholahrepps verði frestað og fengin verði óháð verkfræðistofa, helst erlend, til að meta og fara yfir valkosti í vegagerð í Gufudalssveit. Ekki hafa verið fengnir hlutlausir óháðir fagaðilar til að meta hvort draga megi úr kostnaði og auka umferðaöryggi jarðgangaleiðar undir Hjallaháls t.d. með styttri göngum og breytti veglínu í vestanverðum Djúpafirði, eingöngu hefur verið stuðst við upplýsingar frá framkvæmdaaðila sem vill og ætlar sér að fara leið Þ-H. Einnig liggur fyrir undirskriftarlisti frá íbúum þar sem farið er fram á að könnuð verði enn frekar leið sem tengir Reykhóla betur við Vestfjarðaveg 60.

Tillagan er samþykkt með öllum greiddum atkvæðum.

3. 1802002 - Breyting á deiliskiplagi athafnasvæðis við Tröllenda í Flatey.

Frestur til að skila inn athugasemdum er liðinn, þrjár umsagnir bárust á umsagnartímanum.

Skipulagsnefnd frestar afgreiðslu málsins, skipulagsfulltrúa falið fara yfir umsagnirnar. Samþykkt samhljóða.

4. 1803013 - Viðhalds- og viðgerðarþörf Reykholahafnar.

Formaður og sveitarstjóri fóru yfir erindi frá Þörungaverksmiðjunni dags 5. mars 2018 og fund sem formaður og sveitarstjóri áttu með forstjóra Þörungaverksmiðjunnar og framleiðslustjóra. Í bréfinu koma fram 5 atriði sem verksmiðjan óskar eftir að framkvæmd verði við höfnina.

Nefndin fellst á lið A og D, að koma fyrir innsiglingamerkjum og hækka hafnarkant á suðaustur enda hafnarinnar, fari kostnaður ekki framúr áætlunum sveitarfélagsins. Varðandi lið B, C og E færsla á polla, stálplata sett í kverk hafnarinnar og vatn og rafmagn. Þá telur nefndin skynsamlegast að biðja framkvæmda sem eru á samgönguáætlun árið 2021, nema verksmiðjan vilji sjálf standa að þeim á sinn kostnað, þá verði það gert með leyfi og í samráði við sveitarstjórn.

Nefndin fellst ekki á lið F, hugmyndir um færslu á flotbryggju, en staðsetning hennar var sérstaklega ákveðin með tilliti til að minnka umferð á athafnasvæði Þörungaverksmiðjunnar. Nefndin bendir verksmiðjunni á, hvort ekki sé hægt að leysa landtöku Grettis á einfaldari og ódýrari máta. Samþykkt samhljóða.

5. 1803021 - Endurskoðun aðalskipulags Vesturbyggðar, skipulagslýsing.

Nefndin gerir ekki athugasemd við framkomna lýsingu. Samþykkt samhljóða.

6. 1701022 - Fundargerð 401. fundur stjórnar Hafnasambands Íslands.

Fundargerðin lögð fram til kynningar.

Önnur mál (ef einhver): Löglega upp borin.

7. 1709017 - Upptaka á sjónvarpsefni í Flatey.

Erindi frá Tryggva Gunnarssyni dagsett 9. apríl 2018 er varðar undirbúning á kvikmyndatöku Safafilm í Flatey á apríl og maí.

Nefndin leggst ekki gegn afnotum á landi sveitarfélagsins með fyrirvara um sátt við húseigendur í eyinni. Fara þarf gætilega um svæðið á varptíma fugla. Hafa þarf samráð við minjavörð Vestfjarða vegna allra athafna á Silfurgarði, kanna þarf hvort sækja þurfi um stöðuleyfi fyrir stærri leikmyndir, annars ítrekar nefndin fyrri bókun sveitarstjórnar frá 14. september 2017. Samþykkt samhljóða.

8. 1804003 Framlenging sjóvarnargarðs frá höfn að lóð Tröllenda 2 í Flatey.

Erindi frá Minjavernd dagsett 8. apríl 2018.

Lögð er fram teikning siglingasviðs Vegagerðarinnar að lengdum hafnarkanti frá höfn í átt að Tröllenda 2 og fyrir framan lóðina.

Nefndin leggst ekki á móti áformunum og felur skipulagsfulltrúa að grenndarkynna framkvæmdina.

Farið yfir fundargerð, fundi slitið kl. 13.00
